

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 27. júní kl. 9:07, var haldinn 1. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Aron Levi Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson, Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Nikulás Úlfar Másson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Marta Grettisdóttir. Deildarstjóri aðalskipulags hjá umhverfis- og skipulagssviði situr fundinn undir liðum 4, 6 og 7. Starfsfólk skipulagsfulltrúa hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 8-19. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

- 1. Skipulags- og samgönguráð 2018-2022,** Mál nr. US180166  
Tillaga um stofnun skipulags- og samgönguráðs.  
Lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 24. júní 2018 varðandi stofnun skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Ráðið fari með skipulags- samgöngu- og byggingarmál.
- 2. Skipulags- og samgönguráð 2018-2022,** Mál nr. US180155  
nýtt skipulags- og samgönguráð júní 2018  
Lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 19. júní 2018 um kosningu sjö fulltrúa í skipulags og samgönguráð og sjö til vara til loka kjörtímabilsins. Einnig lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 23. júní 2018 varðandi kosningu áheyrnarfulltrúa.
- 3. Skipulags- og samgönguráð 2018-2022,** Mál nr. SN130008  
fundadagatal  
Lagt fram fundadagatal skipulags- og samgönguráðs fyrir árið 2018, dags. 25 júní 2018.
- 4. Skipulags- og samgönguráð 2018-2022,** Mál nr. US180156  
samþykktir fyrir umhverfis- og skipulagsráð  
  
Kynnt starfssemi Umhverfis- og skipulagssviðs ásamt samþykktum fyrir umhverfis- og skipulagsráð sem samþykktar voru í borgarstjórn 21. júní 2016.  
Kynnt.

#### (A) Skipulagsmál

- 5. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir** Mál nr. SN010070  
  
Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa 8, 15 og 22. júní 2018.
- 6. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,** Mál nr. US180163  
Iðnaður og önnur landfrek starfsemi  
  
Lögð fram drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi Iðnað og önnur landfrek starfsemi dags. í júní 2018. Einnig er lögð fram drög að umhverfisskýrslu dags. júní 2018.  
Samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka í tveimur liðum:

Liður 1

„Vísað er til skýrslu um Iðnað og aðra landfreka starfsemi sem til umfjöllunar er á fundinum. Þar kemur fram að tæp 7% af þeim lóðum sem tiltækar eru til úthlutunar fyrir atvinnustarfsemi á

höfuðborgarsvæðinu er að finna í Reykjavík. Skortur á lóðum fyrir atvinnustarfsemi, hvort sem um er að ræða iðnað eða skrifstofur, er mikill í Reykjavík. Þessi staða er óviðunandi og leiðir til þess að borgin missir atvinnustarfssemi úr sveitarfélaginu að óþörfu.

Þá er “óvissa vegna Sundabrautar” sérstaklega tiltekin í skýrslunni sem vandamál. Vakin er athygli á því að um algerlega heimatilbúinn vanda er að ræða en þrír þeirra flokka sem sitja í núverandi meirihluta í borgarstjórn, hafa lagt stein í götu þess verkefnis síðustu ár“.

Liður 2

„Fram kemur í skýrslu um Iðnað og aðra landfreka starfsemi að iðnaður hafi verið vijkjandi starfsemi í vesturhluta borgarinnar undanfarna áratugi. Þar segir einnig að það sé í eðli borgarþróunar að landfrek starfsemi og önnur starfsemi sem fellur illa að íbúðarbyggð og blandaðri byggð, skuli vijkja til jaðra þéttbýlisins. Rímar þetta illa við nýlegt útboð umhverfis- og skipulagssviðs á hönnun og framkvæmdum vegna nýrrar hverfabækistöðvar við Fiskislóð 37c í Örfirisey. Stærð nýrrar hverfastöðvar er áætluð 1.265 m<sup>2</sup> og útisvæði er um 12.500 m<sup>2</sup>.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði leggjast gegn þessum áformum og harma að umrædd 12.500 m<sup>2</sup> lóð sé að stærstum hluta lögð undir malbik og léttan iðnað borgarinnar. Sama landsvæði hefði getað rúmað 400 íbúðir, 60 m<sup>2</sup> að stærð, ef miðað er við nýtingarhlutfallið 2.0. Með áformunum er farið þvert gegn stefnu Aðalskipulags 2010-2030 þar sem fram kemur að iðnaðarstarfsemi skuli vijkja fyrir þéttari og blandaðri byggð“

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

“Það er mikilvægur áfangi í þróun borgarinnar að finna Björgun nýja staðsetningu og ljóst er að Álfsnesvík er ásættanlegur kostur fyrir starfsemi fyrirtækisins. Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að 90% af uppbyggingu nýrrar íbúðabyggðar verði innan þéttbýlismarka borgarinnar og mun sú uppbygging að mestu leyti verða á röskuðum svæðum. Samhliða nýrri íbúðabyggð er gert ráð fyrir því að lóðum undir iðnað innan þéttbýlismarka fækki og að iðnaður flytjist út á skipulögð atvinnusvæði í jaðri borgarinnar, en jafnframt er viðvarandi gott samstarf allra sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu enda um eitt atvinnusvæði að ræða.

Tvö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leggja til land undir iðnaðar- og athafnasvæði í sínu aðalskipulagi og leggur Reykjavík fram 49%. Árið 2016 var unnið deiliskipulag á Esjumelum, vestan Vesturlandsvegur, þar sem bætt bætast við 48 nýjar lóðir á því svæði, eru þær nefndar óstofnaðar, en það er eingöngu formsatriði að gera þær úthlutunarhæfar.

Í góðu samstarfi við Faxaflóahafnir hefur Reykjavík tekið þá afstöðu til Örfiriseyjar að þar verði áfram góð aðstaða fyrir hafnsækna starfsemi og léttan iðnað út aðalskipulagstímabilið, enda er um að ræða gríðarlega mikilvægt atvinnusvæði í borginni. Ný fyrir staðsetning fyrir hverfabækistöð er í fullu samræmi við þá stefnumörkun sem er sett fram í gildandi Aðalskipulagi 2014-2030 auk þess sem eðlilegt er að hverfabækistöðvum sé komið fyrir sem næst því rekstrarsvæði sem þeim ber að sinna.”

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**7. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,**

Mál nr. US180162

Efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík

Lögð fram drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík dags. 27. júní 2018. Einnig er lögð fram drög að umhverfisskýrslu ásamt drögum að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040. Samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áátlana nr. 105/2006.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri fulltrúi Alta Hrafnhildur Brynjólfsdóttir og taka sæti á fundinum undir þessum lið.

**8. Barónsstígur 2-4 og Skúlagata 36, breyting (01.154.3)**

Mál nr. SN180156

á deiliskipulagi

690310-0900 Reitir VII ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Teiknistofu Arkitekta ehf. dags. 5. mars 2018 ásamt bréfi dags. 6. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna nr. 2-4 við Barónsstíg og 36 við Skúlagötu. Í breytingunni felst heildar endurskoðun á þróun uppbyggingar á reitnum. Meðal annars er lögð til L laga nýbygging á 1-6 hæðum frá Hverfisgötu inn í reitinn sem verður með til að mynda torg að götu og samtenging allra bygginga á reitnum, samkvæmt uppdr. Teiknistofu Arkitekta ehf. dags. 14. febrúar 2018, síðast breytt 21. júní 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri og fulltrúi T.ark arkitekta Halldór Eiríksson arkitekt taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Stekkjarkakki Þ73**, nýtt deiliskipulag (04.6) Mál nr. SN160907

Kynnt tillaga Landslags ehf. dags. 1. júní 2018 að deiliskipulagi fyrir Stekkjarkakka Þ73. Í tillögunni eru skilgreindar nýjar lóðir, byggingareitir og hámarks byggingarmagn á svæðinu. Sýndar eru nýjar aðkomur inn á svæðið og fjöldi bílastæða skilgreint. Kynnt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu og leggjast gegn hvers kyns húsnæðisuppbyggingu sem gengið gæti nærri slíkum svæðum.

Arið 2014 var lögð fram tillaga í borgarráði um friðun Elliðaárdals í deiliskipulagi með svokallaðri hverfisvernd. Svo virðist sem tillögunni hafi ekki verið fylgt eftir. Eins liggur fyrir að friðun með hverfisvernd í deiliskipulagi hefur ekki sömu réttaráhrif og friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum. Elliðaár og nærliggjandi svæði virðast því hvorki friðuð með hverfisvernd né samkvæmt náttúruverndarlögum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að unnið verði að því, í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun, að Elliðaárdalur og nærliggjandi svæði verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013“.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

“Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 var Elliðaárdalurinn afmarkaðurinn og skilgreindur sem borgargarður og settur sem slíkur undir hverfisvernd. Auk þess er skilgreint helgunarsvæði Elliðaáa 100 m frá hvorum bakka og þar er engin uppbygging heimil og leyfi til framkvæmda mjög takmarkað. Innan borgargarðsins eru aðeins heimilaðar framkvæmdir sem samræmast útivist, svo sem stígagerð.

Deiliskipulagssvæðið við Stekkjarkakka liggur fyrir ofan Elliðaárdalinn og er um raskað svæði að ræða. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er lögð rík áhersla á að ekki sé gengið á græn svæði innan borgarinnar og er það metið sem svo að þessi uppbygging sé í fullu samræmi við þá stefnumörkun. Ef dalurinn yrði friðlýstur skv. Náttúruverndarlögum er rétt að áréttu að borgin myndi missa yfirráð yfir dalnum og þau myndu færast til ríkisins.”

Björn Ingi Edvaldsson verkefnisstjóri og fulltrúi Landslags Þráinn Hauksson landslagsarkitekt taka sæti á fundinum undir þessum lið

10. **Skúlagata 28**, breyting á deiliskipulagi (01.154.3) Mál nr. SN180225  
670417-0260 S28 ehf., Skúlagötu 28, 101 Reykjavík  
010372-3569 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Magnúsar Jenssonar f.h. S28 ehf. dags. 21. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðarinnar nr. 28 við Skúlagötu. Í breytingunni felst m.a. ýmsar breytingar á byggingarreitum m.a. er 6. hæðin stækkuð til suðurs, bætt við byggingarreit fyrir glerskála í inngarð og byggingarreitur til vesturs minnkaður. Einnig er breytt heimild til nýtingar kjallararýma úr bílageymslu í fjölpættari notkun, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jenssonar dags. 18. mars 2018 síðast breytt 30.mai 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Rafstöðvarvegur 20**, breyting á (04.267.1) Mál nr. SN180355  
deiliskipulagi  
551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Orkuveitu Reykjavíkur dags. 9. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna lóðarinnar nr. 20 við Rafstöðvarveg. Í breytingunni felst að útbúa lóðarmörk í kringum félagsheimili Orkuveitu Reykjavíkur, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 7. maí 2018.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu og leggjast gegn hvers kyns húsnæðisuppbyggingu sem gengið gæti nærri slíkum svæðum.

Arið 2014 var lögð fram tillaga í borgarráði um friðun Elliðaárdals í deiliskipulagi með svokallaðri hverfisvernd. Svo virðist sem tillögunni hafi ekki verið fylgt eftir. Eins liggur fyrir að friðun með hverfisvernd í deiliskipulagi hefur ekki sömu réttaráhrif og friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum. Elliðaár og nærliggjandi svæði virðast því hvorki friðuð með hverfisvernd né samkvæmt náttúruverndarlögum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að unnið verði að því, í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun, að Elliðaárdalur og nærliggjandi svæði verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013“.

12. **Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli**, breyting á (01.363.0) Mál nr. SN180412  
deiliskipulagi  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 31. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu ásamt tengigangi í gám sem notaður verður fyrir starfsfólk leikskólans. Byggingarreitur er staðsettur á lóð austan megin við núverandi færanlegar kennslustofur sem staðsettar eru norður af leikskólanum Hofi. Núverandi göngustígur frá Hofteig inn á skólalóð verður að hluta til færður til austurs, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 31. maí 2018. Einnig er lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 22. júní 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

13. **Gerðuberg 1**, breyting á deiliskipulagi (04.674.3) Mál nr. SN180448  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 14. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, austurdeild, vegna lóðarinnar nr. 1 við Gerðuberg. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir stækkun á grunnfleti þakhæðar/3. hæðar. Hæsti punktur þaks hækkar u.þ.b. 60 cm., samkvæmt uppdr. dags. 14. júní 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Reynisvatnsás**, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180430

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsás. Í breytingunni felst að afmörkuð er lóð fyrir opið leiksvæði í hverfið, samkvæmt uppdr. Landark dags. 6. júní 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvaldsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Vogabyggð svæði 5, nýtt deiliskipulag** (01.45) Mál nr. SN180390  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Kynnt umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 18. maí 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð svæði 5, samkvæmt uppdr. Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018. Markmið skipulagsins er að vinna með samspil þéttar byggðar og opinna svæða, ásamt því að vernda einstök svæði vegna jarðfræði, minja og lífríkis. Um er að ræða nýja lóð fyrir leik- og grunnskóla, nýja brúartengingu milli svæðisins og aðaltorgs Vogabyggðar á svæði 2, smábátahöfn Snarfara er stækkuð og félagssvæðið endurskipulagt. Nánar er vísað til kynningargagna. Einnig er kynnt greinargerð og skilmálar dags. 29. maí 2018.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson samþykkja að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir greiða atkvæði á móti tillögunni.

Vísað til borgarráðs.

16. **Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi** (04.2) Mál nr. SN180411

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vogabyggð, svæði 5, þá er afmörkun skipulags Elliðaárdals breytt á þann hátt að mörk skipulagsins eru dregin vestan Geirsnefs í vesturál Elliðaána, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 31. maí 2018.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson samþykkja að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir greiða atkvæði á móti tillögunni og bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu og leggja gegn hvers kyns húsnæðisuppbyggingu sem gengið gæti nærri slíkum svæðum.

Arið 2014 var lögð fram tillaga í borgarráði um friðun Elliðaárdals í deiliskipulagi með svokallaðri hverfisvernd. Svo virðist sem tillögunni hafi ekki verið fylgt eftir. Eins liggur fyrir að friðun með hverfisvernd í deiliskipulagi hefur ekki sömu réttaráhrif og friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum. Elliðaár og nærliggjandi svæði virðast því hvorki friðuð með hverfisvernd né samkvæmt náttúruverndarlögum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að unnið verði að því, í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun, að Elliðaárdalur og nærliggjandi svæði verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013“.

Vísað til borgarráðs.

## (B) Byggingarmál

17. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 977 frá 12. júní 2018, fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 978 frá 19. júní 2018 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 979 frá 26. júní 2018.

## (E) Umhverfis- og samgöngumál

18. **Skógarhlíð, stöðubann** (USK2017080019) Mál nr. US180161

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 19. júní 2018 þar sem lagt er til að sett verði stöðubann við báða kanta í Skógarhlíð frá Flugvallarvegi að stíg sunnan Eskihlíðar 2-4.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

## (C) Fyrirspurnir

19. **Reykjavíkurflygvöllur, Flugstjórnarmiðstöð**, (fsp) breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180243

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 26. mars 2018 ásamt greinargerð Isavia dags. 20. mars 2018 um breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflygvallar sem felst í stækkun Flugstjórnarmiðstöðvarinnar og flugturns og koma fyrir neðanjarðar bílakjallara, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 22. desember 2017. Frestað.

Jón Kjartan Ágústson tekur sæti á fundinum undir þessum lið

## (D) Ýmis mál

20. **Umhverfis- og skipulagssvið**, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í apríl 2018.

21. **Umhverfis- og skipulagssvið**, mánaðaruppgjör janúar til nóvember 2015 Mál nr. US130185

Lagt fram uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs ES og RK fyrir janúar til apríl 2018.

22. **Betri Reykjavík/þín rödd**, Ingólfstorg (USK2018060006) Mál nr. US180150

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "Ingólfstorg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 1. júní 2018. Erindið var þriðja efsta hugmynd máímánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum skipulagsmál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

23. **Betri Reykjavík/þín rödd**, Skatepark (hlaupahjóla, hjólabretta og bmx leiksvæði) (USK2018060005) Mál nr. US180149

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "Skatepark (hlaupahjóla, hjólabretta og bmx leiksvæði)" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 1. júní 2018. Erindið var næst efsta hugmynd máímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

24. **Betri Reykjavík/þín rödd**, leiksvæði við Fornhaga (USK2018060007) Mál nr. US180151

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "leiksvæði við Fornhaga" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 1. júní 2018. Erindið var fjórða efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

25. **Betri Reykjavík/þín rödd, lagfæra stígakerfi** Mál nr. US180148  
Norðlingaholts (USK2018060004)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "lagfæra stígakerfi Norðlingaholts" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 1. júní 2018. Erindið var efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

26. **Betri Reykjavík/þín rödd, gangstíg við** Mál nr. US180153  
Listaháskóla Íslands (USK2018060009)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "gangstíg við Listaháskóla Íslands" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 1. júní 2018. Erindið var efst í málaflokknum samgöngumál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra.

27. **Miklabraut við Rauðagerði, kæra 83/2018** (01.82) Mál nr. SN180443  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. júní 2018 ásamt kæru dags. 8. júní 2018 þar sem kært er framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda við Rauðagerði/Miklabraut. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

28. **Thorvaldsensstræti 2, kæra 84/2018** Mál nr. SN180442  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. júní 2018 ásamt kæru dags. 11. júní 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa varðandi útgáfu byggingarleyfis að Thorvaldsensstræti 2. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

29. **Thorvaldsensstræti 2, kæra 85/2018** Mál nr. SN180441  
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipulag/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. júní 2018 ásamt kæru dags. 11. júní 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa varðandi útgáfu byggingarleyfis að Thorvaldsensstræti 2. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

30. **Þrastargata 1-11, nr. 7b, kæra 87/2018** (01.553.1) Mál nr. SN180453  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. júní 2018 ásamt kæru dags. 14. júní 2018 þar sem kærð er samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 16. maí 2018 á breytingu á skilmálum deiliskipulags Fálkagöturéist vegna lóðar nr. 7b við Þrastargötu.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

31. **Veltusund 3B, kæra 72/2018, umsögn** (01.140.2) Mál nr. SN180375  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. maí 2018 ásamt kæru dags. 14. maí 2018 þar sem kærð er neikvæð afgreiðsla umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. apríl 2018 um breytta notkun eftri hæða húss við Veltusund 3B. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 8. júní 2018.

32. **Rauðarárstígur 1**, Kæra 152/2016, umsögn, (01.222.101) Mál nr. BN052239  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umherfis- og auðlindamála, dags. 21. nóvember 2016, ásamt kæru, dags. 19. nóvember 2016, þar sem kærð er ákvörðun um að hafna beiðni um að inrétta gististað í flokki II að Rauðarárstíg 1. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 19. desember 2016. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 6. júní 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

33. **Kjalarnes, Saurbær**, kæra 142/2016, (31.5) Mál nr. SN160824  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 2. nóvember 2016, ásamt kæru, dags. 1. nóvember 2016, þar sem kærð er synjun Reykjavíkurborgar um samþykki fyrir stækkun spildunnar Skarðarás, fnr. 208-5443, og skráningu mannvirkis úr spennistöðvarhúsi í íbúðarhúsnæði. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 29. mars 2017. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 7. júní 2018. Úrskurðarorð: Ákvörðun skipulagsfulltrúa Reykjavíkur frá 7. október 2016, um að synja umsókn kæranda um heimild fyrir stækkun spildunnar Skarðáss í landi Saurbæjar á Kjalarnesi og um breytingu á skráningu mannvirkis á spildunni úr spennistöðvarhúsi í íbúðarhúsi, er felld úr gildi.

34. **Eikjuvogur 27**, kæra 54/2018, umsögn, (01.470.5) Mál nr. SN180276  
úrskurður

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 13. apríl 2018 ásamt kæru dags. 11. apríl 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 27 við Eikjuvog. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. apríl 2018 um stöðvun framkvæmda, umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. apríl 2018 og bráðabirgðaúrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 2. maí 2018. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu deiliskipulagsákvörðunar er hafnað. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 14. júní 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 25. janúar 2018 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna Eikjuvogs 27. Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 24. apríl 2018 um að samþykkja umsókn um byggingu tveggja húsa á tveimur hæðum með samtals þremur íbúðum á lóð nr. 27 við Eikjuvog.

35. **Eikjuvogur 27**, kæra 66/2018, umsögn, (01.470.5) Mál nr. SN180329  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 2. maí 2018 ásamt kæru dags. 30. apríl 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingaráform á lóð nr. 27 við Eikjuvog. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. apríl 2018 um stöðvun framkvæmda og bráðabirgðaúrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 2. maí 2018. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu deiliskipulagsákvörðunar er hafnað. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 9. maí 2018 og úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 14. júní 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 25. janúar 2018 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna Eikjuvogs 27. Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 24. apríl 2018 um að samþykkja umsókn um byggingu tveggja húsa á tveimur hæðum með samtals þremur íbúðum á lóð nr. 27 við Eikjuvog.

36. **Hverfisgata 100B og 102**, kæra 63/2018, (01.174.1) Mál nr. SN180382  
umsögn, úrskurður



Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 3. maí 2018 ásamt kæru dags. 26. apríl 2018 þar sem kærð er neikvæð afgreiðsla skipulagsfulltrúa dags. 23. mars 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 100B og 102 við Hverfisgötu sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II í fasteignunum. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 17. maí 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 19. júní 2018. Úrskurðarorð: Lagt er fyrir skipulagsyfirvöld í Reykjavík að taka umsókn kæranda um breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 100B og 102 við Hverfisgötu til efnislegrar afgreiðslu án ástæðulauss dráttar.

37. **Vesturlandsvegur, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN160742
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg.
38. **Borgartún 24, breyting á deiliskipulagi** (01.221.1) Mál nr. SN170457  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi svarbréfi skipulagsfulltrúa vegna athugasemda Skipulagsstofnunar.
39. **Frakkastígur - Skúlagata, breyting á deiliskipulagi** (01.15) Mál nr. SN140664
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi svarbréfi skipulagsfulltrúa vegna athugasemda Skipulagsstofnunar.
40. **Jöklasel 4, breyting á deiliskipulagi** (04.97) Mál nr. SN180413  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Jöklausels 2 og 4 vegna lóðarinnar nr. 4 við Jöklasel.
41. **Kjalarnes, Árvellir, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN180197
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi.
42. **Kjalarnes, Grundarhverfi, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN180201
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi.
43. **Kjalarnes, Mógilsá, breyting á deiliskipulagi** (34.2) Mál nr. SN180203  
250964-2429 Guðbergur Grétar Birkisson, Grundarhóll, 162
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Mógilsár Kollafjarðar á Kjalarnesi.
44. **Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN180198
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi.
45. **Kjalarnes, Skrauthólar, breyting á deiliskipulagi** (33.2) Mál nr. SN180199
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. júní 2018 um samþykki borgarráðs 7. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi.

Lögð fram tillaga flokks fólksins: Það eru tvö gönguljós, annað á móts við Klambratún og hitt á móts við 365 miðla sem valda umferðarteppum á þessum leiðum meiri hluta dags. Það er tillaga Flokks fólksins að í stað þessara ljósa verði settar göngubrýr.

Rökin eru þau að með göngubrúum er flæði umferðar milli umferðarljósa óhindrað. Fólksumferð yfir götuna er mikil og í hvert sinn sem ýtt er á gönguljósinn stöðvast umferðin dagóðan tíma.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 13:45**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Br. Björnsson  
Aron Leví Beck  
Hildur Björnsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar.**

Árið 2018, þriðjudaginn 12. júní kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 977. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Skúli Þorkelsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Sigríður Maack og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. **Arnarhlíð 8** (01.629.702) 220840 Mál nr. BN054709  
541201-4830 Dalhús ehf., Ögurhvarf 6, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja til fimm hæða fjölbýlishús með 157 íbúðum og atvinnuhúsnæði á hluta jarðhæðar ásamt tveggja hæða bílgeymslu á lóð nr. 8 við Arnarhlíð. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018.  
Stærðir:  
A-rými 31.088,1 ferm., 100.702,7 rúmm.  
B-rými 1.403,4 ferm., 4.069,9 rúmm.  
Bréf arkitekts dags. 05.06.2018 og ódags. fylgja erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. **Austurberg 3** (04.667.101) 112094 Mál nr. BN054825  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja útiklefa mhl. 09 fyrir konur og karla sunnan við eimbað, koma fyrir köldum potti norðan við eimbað, núverandi rennibraut endurnýjuð, leiksvæði með vatnsleikjatakjum og fallvarnarefni á yfirborði sunnan við innilaug og koma fyrir skyggni úr samlímdu öryggisgleri, að hluta yfir verönd sunnan við skála í afgreiðslu við Breiðholtslaug á lóð nr. 3 við Austurberg.  
Stærð mhl. 09 er: 79,9 ferm., 270,2 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. **Bauganes 19A** (01.672.118) 213935 Mál nr. BN053540  
191179-6099 Eiríkur Atli Briem, Faxaskjól 18, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, klætt finbáru og sléttu áli, með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 19A við Bauganes.  
Stærð, A-rými: 231,9 ferm., 796,9 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. september 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda og skipulagsferli ekki lokið.
4. **Bergstaðastræti 33B** (01.184.410) 102070 Mál nr. BN052687  
670812-0810 Almenna C slhf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta notkunarflokki húss í flokk 4 og flokki gististað í flokki II G og fyrir áður gerðum breytingum og viðbyggingu og innra skipulagi rishæðar í húsinu á lóð nr. 33 B við Bergstaðastræti.  
Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. maí 2017 og bréf hönnuðar dags. 3. maí 2017 fylgir erindi.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. maí 2017 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2017 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. maí 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2018. Bréf hönnuðar dags. 8. júní 2018 fylgir.  
Stækkun: 10,2 ferm., 21,1 rúmm.

- Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.  
Vísað til uppdráttar nr. 10.01, 10.02 dags. 3. maí 2018.
5. **Blikastaðavegur 2-8** 204782 Mál nr. BN054855  
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir aðstöðusköpun, rífi innanhúss, nýjum grunnlögnum og uppsetningu á milligólfum í húsinu að Blikastaðavegi 2-8, sbr. erindi BN054019.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. **Brautarholt 26-28** (01.250.103) 103423 Mál nr. BN054743  
561208-0690 Karl Mikli ehf., Litlakrika 42, 270 Mosfellsbær  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053595 með því að færa lyftu, fjarlægja eystri inngangshurð og breyta fyrirkomulagi í anddyri, breyta flóttastiga á bakhlið, breyta skilum milli íbúða og breyta innra fyrirkomulagi í húsi á lóð nr. 26-28 við Brautarholt.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
7. **Bæjarflöt 9** (02.576.004) 225815 Mál nr. BN054614  
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja iðnaðarhús á lóð nr. 9 við Bæjarflöt.  
Stærðir: 864,7 ferm., 3.026,05 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
8. **Döllugata 8** (05.113.708) 214847 Mál nr. BN054470  
250973-3739 Einar Freyr Einarsson, Tröllakór 4, 203 Kópavogur  
301177-3569 Ingigerður Karlsdóttir, Tröllakór 4, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 8 við Döllugötu.  
Orkurammi dags. 16. mars. 2018 fylgir.  
Stærð A-rými: 333,2 ferm., 1.170,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
9. **Eggertsgata 2-34** (01.634.-99) 106682 Mál nr. BN054577  
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir djúpgámum framan við Suðurgötu 121, Eggertsgötu 2-4 og Eggertsgötu 8-10, allt á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.  
Erindi fylgir minnisblað um Djúpgáma frá Eflu dags. 12. júní 2015 og 27. september 2017, lýsing á djúpgámum frá PWS dags. 9. mars 2017 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2016.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
10. **Ellidabraut 8-10** 204802 Mál nr. BN054842  
660505-2100 MótX ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir lagnir í jörð, undirstöðum og botnplötu fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 12 við Ellidabraut sbr. BN054250.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrifnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. **Ellidabraut 12** (04.772.701) 204831 Mál nr. BN054843  
660505-2100 Mótó ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu fjölbýlishúsa á lóð nr. 18 við Ellidabraut sbr. BN054578.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrifnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. **Faxafen 5** (01.463.301) 105673 Mál nr. BN054790  
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi tannlæknastofu á 2. og 3. hæð, koma fyrir hringstiga að millihæð og koma fyrir þaksvölum á suðausturhlíð húss á lóð nr. 5 við Faxafen. Gjald kr. 11.000  
Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

13. **Fjólugata 19** (01.185.513) 102203 Mál nr. BN053919  
060658-5019 Guðjón Ingi Árnason, Rauðarárstígur 31, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka þak, stækka og endurnýja bílskúr og útbúa svalir á hluta þaks, lækka gólf í kjallara, grafa frá suðurhlíð og innréttu nýja íbúð þar, breyta aðkomu, byggja nýjar svalir á 2. hæð og í risi, breyta gluggum og innra skipulagi, einangra að utan og klæða með flísum hús á lóð nr. 19 við Fjólugötu.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2017.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 5. desember 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017 og minnisblað um brunavarnir dags. 9. nóvember 2017.

Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. febrúar 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2018, bréf til nágretta dags. 26. febrúar 2018, samþykki eiganda Sóleyjargötu 17, tveggja eigenda Sóleyjargötu 19, eiganda Sóleyjargötu 17, eins eiganda Sóleyjargötu 15 og eins eiganda Fjólugötu 19A.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018.

Gjald kr. 11.000

- Frestað.  
 Vísað til athugasemda.
14. **Freyjubrunnur 3-5** (02.695.702) 205726 Mál nr. BN054788  
 291081-5099 Dagrún Fanný Liljarsdóttir, Freyjubrunnur 3, 113 Reykjavík  
 160678-5429 Fannar Freyr Bjarnason, Áshamar 75, 900 Vestmannaeyjar  
 010155-6069 Hulda Guðmunda Kjærnested, Brimhólbraut 36, 900 Vestmannaeyjar  
 Sótt er um leyfi til að innrétta lagnakjallara sem íverurými, gera nýjar hurðir og glugga, svalir á fyrstu hæð og útitröppur beggja vegna, aðlaga lóð til samræmis við aðliggjandi lóðir og fjölga bílastæðum við um tvö við parhús á lóð nr. 3-5 við Freyjubrunn.  
 Stækkun vegna breytinga: XX ferm., XX rúmm.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.
15. **Freyjugata 44** (01.196.102) 102643 Mál nr. BN054235  
 541015-2640 Systa ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja garðskála sem verður að hluta til staðsteyptur og að hluta til úrgleri á lóð nr. 44 við Freyjugötu.  
 Erindi fylgir undirritað bréf fylgir erindinu.  
 Samþykki frá meðeigenda nr. 44, samþykki hluta eiganda nr. 42 og samþykki frá hluta af eigendum Mímisvegur 8 fylgir.  
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. apríl 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. apríl 2018.  
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi.  
 Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Freyjugata 42 og 46, Mímisvegi 6 og 8 og Barónsstíg 78 og 78A frá 8. maí 2018 til og með 5. júní 2018.  
 Engar athugasemdir bárust.  
 Stærð garðskála er 40,0 ferm., 123,3 rúmm.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.
16. **Gerðarbrunnur 2-10** (05.056.401) 206052 Mál nr. BN054702  
 540814-0230 Kjalarland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja tvö fjölbýlishús með alls 12 íbúðum á lóð nr. 2-10 við Gerðarbrunn.  
 Stærðir:  
 Mhl.01: A-rými 629,1 ferm., 2.192,7 rúmm. B-rými 145,3 ferm., 432,9 rúmm.  
 Mhl.02: A-rými 609,4 ferm., 2.139,5 rúmm. B-rými 166,9 ferm., 497,4 rúmm.  
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018.  
 Bréf umsækjanda ódags. fylgir erindi.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.
17. **Gnoðarvogur 44-46** (01.444.101) 105528 Mál nr. BN053998  
 160759-2919 Björn Leósson, Kjarrhólmi 38, 200 Kópavogur  
 Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II - tegund g, íbúðir, fyrir 14 gesti í húsi á lóð nr. 44 við Gnoðarvog.  
 Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2016.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.
18. **Gylfaflöt 15** (02.576.203) 225816 Mál nr. BN054616  
 671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum á lóð nr. 15 við Gylfaflöt.  
 Stærðir: 864,7 ferm., 3.026,05 rúmm.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.
